

## Fundur Foreldraráðs VÍ í Verzlunarskólanum 29. janúar 2014 kl. 18:15

Mættir: Sigurður Örn Eiríksson, Elín Thorarensen, Unnur Ingólfssdóttir,  
Þórdís Guðmundsdóttir, Auður Einarsdóttir og Lena Kristín Lenharðsdóttir.

### Dagskrá:

1. Framhaldsaðalfundur
2. Nemó
3. Jólapróf
4. Fundur á vormisseri með skólastjórnendum
5. Önnur mál

**1. Framhaldsaðalfundur.** Þar sem láðist að setja inn tvær greinar í lögina á síðasta aðalfundi er snúa að því hvað geri skuli við hagnað félagsins og hvernig slitum þess skal háttáð getur félagið ekki fengið úthlutað kennitölu. Án kennitölu er erfitt að rukka félagsgjöld. Því er lagt til að halda framhaldsaðalfund um mánaðarmótin febrúar/mars.

*Drög að dagskrá fundarins er:*

20:00 Framhaldsaðalfundur - lagabreyting

20:15 Rannsókn & greining. Kynning á nýrri rannsókn um vímuefnaneyslu í framhaldsskólum

21:00 Hlé – léttar veitingar

21:15 Kynning á störfum nemendafélagsins

Auður tekur að sér að vera fundarstjóri og Sigurður Örn til vara.

Auglýsa þarf fundinn með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

**2. Nemó.** Rætt um skipulag ballgæslu á nemendamótinu 6. febrúar í Vodafone höllinni

**3. Jólapróf.** Nokkuð var um fall í jólaprófum sem og endurtektarprófum.

Ákveðið að óska eftir upplýsingum um fall og þróun þess á undanförunum árum.

**4. Fundur á vormisseri með skólastjórnendum.** Stefnt er að því að óska eftir fundi með skólastjórnendum í aprílbyrjun. Tillögur að málum sem við viljum ræða safnað þangað til.

**5. Önnur mál.** Forvarnardagurinn, sendum inn tillögu að fyrirlesurum. Mikið af sjálfbóðaliðum sem buðu sig fram sem skólinn nýtti sér.

Fundi slitið kl. 19:30

ET skráði fundargerð